



Minnisblað – 2003031

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Starf Viðbragðsteymis Dalabyggðar vegna COVID-19*

Dags.: 08.09.2020

Viðbragðsteymi Dalabyggðar skipa: Kristján Sturluson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Kristján Ingi Arnarsson, Magnína Kristjánsdóttir, Viðar Þór Ólafsson, Ívar Örn Þórðarson, Hlökkver Ingi Gunnarsson, Haflína Ingibjörg Hafliðadóttir og Jóhanna María Sigmundsdóttir.

Teymið fundar tvisvar í viku, þ.e. á mánudögum og fimmtudögum kl.13. Þess á milli hefur teymið skipst á upplýsingum s.s. hvað varðar stöðu smita á Vesturlandi og uppfærðar auglýsingar og leiðbeiningar í spjallborði. Hérna fyrir neðan má sjá samantekt af samskiptum og fundum teymisins.

- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 10. september 2020:
Staða smita og þróun.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 10. september 2020:
Rætt um göngur og réttir, útfærslu handþvottaaðstöðu, að viðhafa skyldi hliðvörslu við rétt helgarinnar og grímunotkun skólabílstjóra.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 14. september 2020:
Staða smita og þróun.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 14. september 2020:
Rætt um breytingar hjá hjúkrunarheimilum m.a. grímuskyldu hjá gestum. Farið yfir hliðvörslu við Fellsendarétt, 75 fullorðnir á blaði. Allt við það sama í skólanum.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 16. september 2020:
Staða smita og þróun.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 17. september 2020:
Aðgerðir vegna aukningar smita. Upplýsingar sem deilt verður á Facebook-síðu Dalabyggðar.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 17. september 2020:
Mikil aukning smita. Nýjar reglur fyrir hjúkrunarheimili á leiðinni. Ákveðið að senda áminningu á fjallskilanevndir. Fara að huga að efni í Dalapóstinn er varðar COVID-19.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 21. september 2020:
Staða smita og þróun.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 21. september 2020:
Réttir gengu með ágætum. Áfram unnið innan sama ramma í skólanum, þrif aukin, utanaðkomandi þurfa að fylgja ákveðnum reglum, fjarfundir nýttir meira t.d. varðandi viðtöl við foreldra. Nýjar reglur hjúkrunarheimila 2 m regla, grímunotkun gesta, mörk sett við 1 gest á dag. Verið að beina því til fólks að vinna heima ef hægt er. Upplýsingar um líftíma veirunnar í lofti og á ýmsum snertiflötum. Nefndarfundir færðir í fjarfundabúnað eftir fremsta megni. Skoða þarf aðra fundi sem áætlað er að halda. Umræða meðal íbúa hvort geti orðið af þorablötum.

- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 22. september 2020:
Úr pósti frá aðgerðastjórn Vesturlands
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 23. september 2020:
Staða smita og þróun.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 24. september 2020:
Staða smita og þróun. Upplýsingar um smitrakningar hjá skólum og sveitarfélögum.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 24. september 2020:
Staða smita og þróun.

Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 28. september 2020:

Rætt um réttir, ekki mikið um fólk í seinni réttum. Skólinn þarf líklega að blása af smiðjuhelgi en verið að skoða lausnir á því, líklegt að skólabúðir falli líka niður, flest foreldraviðtöl ættu að geta farið fram í gegnum fjarfundabúnað. Vel er fylgst með líkamsræktinni og þrifum þar. Rætt um þrif í verslun.

- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 29. september 2020:
Staða smita og þróun.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 30. september 2020:
Staða smita og þróun.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 1. október 2020:
Réttir um helgina, spritt og annað tilbúið, færri sem mæta í seinni réttir. Talsvert um smit utan sóttkvíar. Rætt um þrif í verslun. Áminning verði send á starfsmenn stjórnarsýsluhúss um grundvallarsmitgát, grímunotkun á fundum sem þurfa að fara fram í fundarsal.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 2. október 2020:
Staða smita og þróun.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 5. október 2020:
Samantekt Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu um einkenni.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 5. október 2020:
Aðgerðir hafa verið hertar og almannavarnir komnar aftur á neyðarstig. Starfsmannafundur skólans leystur með fjarfundi, hugmynd um að loka á samgang milli leik- og grunnskóla, sérfræðingar sem þurfa að koma inn eru með grímur, stress eykst meðal bæði nemenda og starfsfólks. Lítið um breytingar á hjúkrunarheimili, grímuskylda á utanaðkomandi, sleppa með fjöldatakmörkanir, Silfurtún hefur haldið sig við strangari reglur sem hefur reynst vel. Sundlaugar þurfa að fækka, aðeins helmingu af venjulegum gestafjölda leyfilegur. Réttir og göngur að klárast. Fundir á vegum starfsmanna stjórnarsýsluhúss með fleirum en 4 verði í gegnum Teams, skrifstofugangur lokaður, grímunotkun þeirra sem þurfa að koma innfyrir. Ekki gert ráð fyrir að bókasöfn þurfi að loka. Hjúkrunarheimili geta sett eigin reglur sbr. 2 metra reglu í stað 1 meters. Rætt um sóttkví starfsfólks og launaréttindi á meðan.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 6. október 2020:
Staða smita og þróun.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 7. október 2020:
Staða smita og þróun.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 8. október 2020:
Staða smita og þróun.

- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 8. október 2020:
Óbreytt staða í Dalabyggð. Stöðufundur með almannavarnarnefnd á morgun. Í skóla eru persónulegar smitvarnir auknar, smitgát gagnvar utanaðkomandi hert, foreldrar láti vita ef þeir þurfa að koma, fundir í gegnum fjarfundabúnað, lokað á samgang milli leik- og grunnskóla, hljóðfæri tónlistarskóla sprittuð á milli nemenda. Hjúkrunarheimilið þarf að huga að bakvarðasveit í heimabyggð, til ákveðið verklag frá öðrum heimilum, samtal verði tekið við félagsmálafulltrúa Borgarbyggðar. Ekki talin þörf á að loka sorphirðustöð miðað við leiðbeiningar og tilmæli. Umræða í kringum okkur að loka sundlaugum um helgina vegna aukinna smita á höfuðborgarsvæðinu og möguleika á ferðum höfuðborgarbúa út fyrir svæðið. Samtal verði tekið við fjallskilanefnd vegna seinustu rétta.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 9. október 2020:
Staða smita og þróun.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 12. október 2020:
Staða smita og þróun.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 12. október 2020:
Útgefin fyrirmæli ítrekuð. Læknar hvetja til sem mestrar grímunotkunar. Sveitarfélögin hugi að fjölda í sundlaugum. Verið er að hvetja starfsfólk lögreglu og heilbrigðisstofnanna til grímunotkunar í verslunarferðum. Fundur á föstudag hjá hjúkrunarheimilum. Grímunotkun orðin meiri í daglegu lífi.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 13. október 2020:
Staða smita og þróun.